

Föstudagurinn 6. febrúar 2004

211. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 1/2004

Erindi Allrahanda ehf. vegna svonefndra fléttuferða Kynnisferða hf. og krafa fyrirtækisins um endurupptöku ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 18/2001

I.

Erindið

Með bréfi, dags. 23. júlí 2002, barst Samkeppnisstofnun erindi frá Allrahanda ehf. Í erindinu var óskað skoðunar á dagsferðamarkaði frá Reykjavík og á fyrirtækinu Kynnisferðum sf. Allrahanda skilgreinir markaðinn fyrir dagsferðir sem markað fyrir ferðir með fólksflutningabifreiðum og leiðsögn samkvæmt fyrirfram auglýstri áætlun. Ferðirnar séu öllum opnar og ekki sé krafist lágmarkspáttöku til að ferð sé farin.

Í upphafi erindisins er því lýst að Kynnisferðir sé markaðslega sterkt fyrirtæki. Það reki fjórar söluskrifstofur: Á Hótel Lofleiðum, Hótel Sögu og Nordica Hotel auk húsnæðis við Upplýsingamiðstöð ferðamála í Bankastræti. Á öllum þessum stöðum sé bæklingapláss Kynnisferða meira og fyrirtækið sýnilegra en Allrahanda. Þetta megi að hluta skýra vegna langrar viðskiptasögu Kynnisferða, en fyrirtækið hafi verið stofnað fyrir 30 árum. Þetta hljóti hins vegar að teljast óeðlilegt nú á dögum. Í erindinu er það jafnframt rakið að á milli Upplýsingamiðstöðvar ferðamála í Bankastræti og söluskrifstofu Kynnisferða sé opin hurð. Á grundvelli húsaleigusamnings sé óheimilt að loka hurðinni, en það hafi verið staðfest í dómsmáli. Hins vegar sé ljóst að hin opna hurð á milli opinberrar upplýsingamiðstöðvar, sem rekin er fyrir almanna fé, og söluskrifstofu aðila í samkeppnisrekstri feli í sér brot á samkeppnilögum.

Því næst er fyrirtækinu Kynnisferðum lýst og bent á þá staðreynd að fyrirtækið sé í eigu ferðaskrifstofa hér á landi. Samkeppni Allrahanda við Kynnisferðir hafi því bein fjárhagsleg áhrif á rekstur eigenda. Þessar ferðaskrifstofur taki ferðir Allrahanda ekki í sölu þar sem reglur félagsins heimili slíkt ekki. Eigendur Kynnisferða beini því viðskiptum sínum eingöngu til Allrahanda í þeim tilvikum sem sömu eða svipaðar ferðir séu ekki í boði hjá Kynnisferðum. Þannig hafi Allrahanda almennt reynt að bjóða öðruvísi ferðir og brottfarartíma en Kynnisferðir og jafnvel reynt að tengja saman ferðir, t.d. skoðunarferð um Reykjavík fyrir hádegi og Gullfoss/Geysir eftir hádegi, með góðum árangri. Nú hafi Kynnisferðir hins vegar ákveðið að bjóða s.k. "fusion" ferðir (hér eftir fléttuferðir) þar sem ferðir eru settar saman á svipaðan hátt og boðinn sérstakur afsláttur. Til að ná þessu hafi Kynnisferðir flutt brottfarartíma

sinn til 9:30 yfir vetrartímann, en þetta sé sá tími sem Allrahanda hafi notað til margra ára yfir vetrartímann. Með þessu séu Kynnisferðir að líkja eftir ferðum Allrahanda í þeim tilgangi að koma í veg fyrir samkeppni en Kynnisferðir séu klárlega markaðsráðandi.

Allrahanda vísar næst til ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 18/2001 *Erindi Allrahanda Ísferða ehf. er varðar samkeppni Kynnisferða sf. í dagsferðum fyrir ferðamenn frá Reykjavík samkvæmt áætlun* þar sem niðurstaða ráðsins hafi verið sú að tímasetning ferða Kynnisferða kl. 11:30 sé ekki til þess fallin hafa skaðleg áhrif á samkeppni við ferð Allrahanda kl. 13:00. Að mati Allrahanda hefði niðurstaða þessarar ákvörðunar verið önnur ef samkeppnisráð hefði tekið tillit til eignasamsetningar Kynnisferða og annarra atriða en samkeppnisráð hafi í sömu ákvörðun boðað sérstaka rannsókn á Kynnisferðum. Því krefst Allrahanda að Samkeppnisstofnun taki aftur upp málið og banni ferð Kynnisferða kl. 11:30 í ljósi nýrra upplýsinga, sbr. skyldu eigenda Kynnisferða skv. reglum félagsins til að beina viðskiptum sínum til fyrirtækisins.

Allrahanda gerir næst athugasemdir við aðstöðu Kynnisferða í Flugstöð Leifs Eiríkssonar (hér eftir flugstöðin). Kynnisferðir hafi sérleyfi á milli flugstöðvarinnar og Reykjavíkur. Vegna þessa hafi félagið aðstöðu í komusal flugstöðvarinnar til að þjónusta flugfarþega. Að mati Allrahanda er hins vegar ljóst að aðstaðan sé einnig nýtt til upplýsingamiðlunar og sé söluskrifstofa fyrir dagsferðir Kynnisferða. Allrahanda hafi sótt um að leigja svipaða aðstöðu í komusal flugstöðvarinnar en þeirri beiðni hafi verið hafnað af hálfu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf., rekstraraðila flugstöðvarinnar. Ástæður fyrir höfnuninni hafi verið annars vegar að ekki væri pláss í komusal undir aðstöðu fyrir Allrahanda og hins vegar að aðstaðan væri Kynnisferðum nauðsynleg þar sem fyrirtækinu beri skylda til að þjónusta komufarþega vegna sérleyfisins. Allrahanda telur að með þessu sé fyrirtækjunum mismunað. Jafnframt telur Allrahanda að eigi Kynnisferðir að njóta ákveðinnar fyrirgreiðslu þá megi ekki nýta aðstöðuna til kynningar eða sölu á annarri starfsemi sem er í samkeppni. Jafnframt sé það ekki rétt að Kynnisferðir hafi eitt fyrirtækja sérleyfi á milli flugstöðvarinnar og Reykjavíkur því SBK ehf. hafi einnig leyfi til þess. SBK hafi ætlað sér að flytja komufarþega til Reykjavíkur en hafi hins vegar hætt við það þegar Kynnisferðir keyptu stóran hlut í fyrirtækinu og framkvæmdastjóri Kynnisferða settist í stjórn SBK.

Með vísan til ofangreindra atriða óskar Allrahanda eftir því að Samkeppnisstofnun taki til skoðunar: a) Félagsform Kynnisferða ásamt samþykktum fyrirtækisins og samningum við eigendur, b) kaup Kynnisferða á hlutum í öðrum félögum, annars vegar m.t.t. SBK og hins vegar með vísan til ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 1/1997, c) fléttuferðir Kynnisferða, d) að ákvörðun nr. 18/2001 verði tekin upp aftur í ljósi væntanlegra nýrra upplýsinga, d) forsendur opinna hurðar milli Upplýsingamiðstöðvar ferðamála og söluskrifstofu Kynnisferða í Bankastræti og

síðasta lagi e) hvort forsíða sölubæklings Kynnisferða sé „copering” á sölubæklingi Allrahanda.

Að lokum gerir Allrahanda kröfu um að Samkeppnisstofnun taki bráðabirgðaákvörðun þar sem Kynnisferðum verði bannað að: a) selja, sameina og/eða hefja samvinnu við önnur fyrirtæki, b) bjóða upp á nýjar ferðir eða afþreyingu fyrir ferðamenn, c) að nýta aðstöðu sína í flugstöðinni til að kynna aðra starfsemi fyrirtækisins svo og í bifreiðum félagsins sem eru í sérleyfisakstri, d) bjóða fléttuferðir og í síðasta lagi e) að opna nýjar söluskristofur og/eða gera breytingu á þeim nema með leyfi Samkeppnisstofnunar. Að lokum er þess krafist að bæklingur Kynnisferða fyrir árið 2002 verði innkallaður.

Með erindi Allrahanda fylgdu samskipti fyrirtækisins við rekstrarfélag flugstöðvarinnar.

II.

Málsmeðferð

1.

Erindi Allrahanda var kynnt Kynnisferðum og þann 8. október 2002 var haldinn fundur með málsaðilum. Á þeim fundi var meðal annars fjallað um erindi Allrahanda, dags. 23. júlí 2002. Á fundinum ákvað Allrahanda að falla frá þeim hluta erindisins sem laut að hinni opnu hurð milli Upplýsingamiðstöðvar ferðamála, þar sem fyrirhugað væri að loka upplýsingamiðstöðinni.

Með bréfi, dags. 11. október 2002, óskaði Samkeppnisstofnun eftir umsögn frá Kynnisferðum. Með vísan til fundarins 8. október var einungis óskað eftir athugasemdum vegna fléttuferða Kynnisferða og endurupptöku ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 18/2001, en jafnframt var tilkynnt að önnur atriði yrðu ýmist felld inn í önnur mál eða fallið hafi verið frá þeim af hálfu Allrahanda.

2.

Umsögn Kynnisferða barst með bréfi, dags. 4. nóvember 2002, frá Guðrúnu Björk Bjarnadóttur hdl. f.h. fyrirtækisins. Kynnisferðir vísa til þess að fyrirtækið bjóði átta mismunandi fléttuferðir þar sem hver ferð sé sett saman af tveimur eða fleiri mismunandi dagsferðum, t.d. útsýnisferð fyrir hádegi og hestaferð eftir hádegi. Jafnframt segir að flestar ferðanna séu mislangar, allt frá 6 klukkustundum og upp í 12 klukkustundir. Kveður Kynnisferðir ferðirnar byrja á mismunandi tímum á tímabilinu 9:00 til 10:00. Að lokum sé verð ferðanna mjög mismunandi. Af hálfu Kynnisferða er því næst haldið fram að einungis eina þessara átta ferða sé unnt að bera saman við ferðir Allrahanda, en það sé hestaferð – Gullfoss/Geysir. Hjá Allrahanda sé lagt af

stað kl. 9:00 en hjá Kynnisferðum kl. 10:00. Aðrar ferðir sé ekki unnt að bera saman þar sem boðið sé upp á aðra áfangastaði eða þjónustu.

Hvað varðar fléttuferðir Kynnisferða telur fyrirtækið ekki ljóst af erindi Allrahanda á hvaða grunni málið byggir, þ.e. hvort um sé að ræða misnotkun á markaðsráðandi stöðu eða óréttmæta viðskiptahætti. Kynnisferðir telja sig ekki vera ráðandi á markaði fyrir dagsferðir frá Reykjavík en komist samkeppnisráð að gagnstæðri niðurstöðu telur fyrirtækið sig ekki hafa misnotað þá stöðu. Gögn, sem fylgdu umsögn Kynnisferða, sýni að ekki sé um að ræða skaðlega undirverðlagningu þar sem tekjur af ferðunum dugi almennt fyrir kostnaði, bæði föstum og breytilegum.

Kynnisferðir telja að í fléttuferðum geti ekki falist óréttmætir viðskiptahættir þar sem einungis ein ferð sé sambærileg. Jafnframt geti viðskiptahugmyndin, þ.e. að flétta saman tvenns konar dagsferðum, ekki notið höfundaréttar þar sem hún komi ekki fram í ákveðnum hlut eða tæknilegum eiginleikum.

Með umsögn Kynnisferða fylgdi yfirlit með tekjum og kostnaði Kynnisferða af fléttuferðum.

Umsögn Kynnisferða var send Allrahanda með bréfi, dags. 7. nóvember 2002, og var óskað eftir athugasemdum.

3.

Athugasemdir Allrahanda bárust með bréfi, dags. 25. nóvember 2002. Þar segir að ferðir Kynnisferða og Allrahanda Reykjavík – Gullfoss/Geysir séu klárlega sambærilegar. Eftir að Kynnisferðir hafi flutt brottfarartíma sinn til 9:30 hafi Allrahanda flýtt sinni brottför til kl. 9 til þess að forðast misskilning. Þetta feli ekki í sér að fyrirtækið sé sáttt við háttsemi Kynnisferða, heldur sé um tímabundna ráðstöfun að ræða á meðan málið sé til rannsóknar hjá samkeppnisyfirvöldum. Fyrirtækið vísar einnig til þess að önnur ferð Kynnisferða, hestaferð-Gullfoss/Geysir sé mjög svipuð ferð Allrahanda en Íshestar ehf. sjái um hestaferðina fyrir bæði fyrirtæki. Brottfarartími ferðanna sé jafnframt sá sami.

Allrahanda telur að tilgangur fléttuferða Kynnisferða sé að koma í veg fyrir samkeppni. Stærstu sóknarfæri Allrahanda hafi ávallt legið í því að bjóða upp á öðruvísi ferðir og sem ekki keppa beint við ferðir Kynnisferða. Með fléttuferðum séu Kynnisferðir að taka fyrir þann möguleika sem skapast hafi fyrir Allrahanda að komast framhjá samþykktum og samningum fyrirtækisins og ná að bjóða eigendum félagsins ferðir í umboðssölu án þess að þeir væru að brjóta gegn sínu eigin félagi. Í athugasemdum sínum fjalla Allrahanda næst um önnur erindi fyrirtækisins til Samkeppnisstofnunar og verður það því ekki rakið hér.

Athugasemdir Allrahanda voru sendar Kynnisferðum með bréfi, dags. 28. nóvember 2002, og óskað eftir athugasemdum.

4.

Með bréfi, dags. 16. desember, bárust athugasemdir Kynnisferða. Í bréfinu ítreka Kynnisferðir að einungis ein ferð, hestaferð-Gullfoss/Geysir, sé byggð upp á sama hátt hjá fyrirtækjunum tveimur. Aðrar ferðir séu ekki sambærilegar þar sem ekki sé boðið upp á sömu áfangastaði og þjónustu. Skoðunarferðin Reykjavík – Gullfoss/Geysir, sem Allrahanda vísa til í bréfi sínu, sé ekki sambærileg þar sem Allrahanda fari í ferðinni einnig á Þingvelli. Þá sé lengd ferðanna mismunandi (9 klst. hjá Kynnisferðum en 10 ½ klst. hjá Allrahanda), brottfarartími (kl. 9:30 hjá Kynnisferðum og kl. 10:30 hjá Allrahanda) og einnig verð (6.200 kr. hjá Allrahanda en 5.400 hjá Kynnisferðum).

Með bréfi, dags. 20. desember 2002, var aðilum sendur listi yfir gögn málsins og tilkynnt að málið yrði lagt fyrir samkeppnisráð.

III.

Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 6. febrúar 2004, var ákvörðun tekin í máli þessu. Þátt í fundinum tóku Kirstín Flygenring, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Ragnheiður Bragadóttir.

1.

Sjónarmið aðila

Í máli þessu telur Allrahanda annars vegar að Kynnisferðir hafi brotið gegn samkeppnislögum með því að bjóða upp á sk. fléttuferðir. Þessar ferðir séu hugmynd Allrahanda. Með því að bjóða sömu ferðir séu Kynnisferðir að koma í veg fyrir samkeppni. Hins vegar hefur Allrahanda óskað eftir því að ákvörðun samkeppnisráðs nr.18/2001 *Erindi Allrahanda Ísferða ehf. er varðar samkeppni Kynnisferða sf. í dagsferðum fyrir ferðamenn frá Reykjavík samkvæmt áætlun* verði endurskoðuð. Ástæða þessa sé sú að samkeppnisráð hafi ekki tekið tillit til eignasamsetningar Kynnisferða og annarra atriða sem fram ættu að koma við skoðun á fyrirtækinu.

Kynnisferðir telja sig ekki hafa brotið gegn samkeppnislögum. Einungis ein fléttuferð félagsins sé sambærileg ferð Allrahanda, sk. hestaferð-Gullfoss/Geysir. Óljóst sé þó af erindi Allrahanda á hvaða hátt ferðir Kynnisferða brjóti gegn samkeppnislögum þar sem erindið sé ekki rökstutt.

2.

Markaðurinn

2.1. Markaðsskilgreining

Í málum er varða samkeppnislögin er nauðsynlegt að skilgreina þann markað sem málið varðar. Í 4. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 er markaður skilgreindur á eftirfarandi hátt:

„Markaður er sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdar þjónustu. Staðgengdarvara og staðgengdarþjónusta er vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti getur komið í stað annarrar.“

Allrahanda hefur skilgreint markaðinn í máli þessu sem markaðinn fyrir dagsferðir frá Reykjavík. Fyrirtækið skilgreinir markaðinn nánar þannig að um sé að ræða ferðir með hópferðabílum og leiðsögn samkvæmt fyrirfram auglýstri áætlun. Sala í ferðirnar sé frjáls, þ.e. hún sé öllum opin og ekki sé krafist lágmarkspáttöku til að ferð sé farin. Kynnisferðir hafa í máli þessu ekki gert sérstakar athugasemdir við skilgreiningu markaðarins.

Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 18/2001 var fjallað um dagsferðamarkaðinn frá Reykjavík. Í ákvörðuninni komst ráðið að þeirri niðurstöðu að áætlunarferðir á Gullfoss og Geysi teldust sérstakur markaður í samkeppnislegu tilliti, m.a. vegna þess að þessi náttúrufyrirbrigði hefðu mikla sérstöðu og væru svo þekkt hjá ferðamönnum að ekki væri eftirspurnarstaðganga á milli þeirra og annarra áfangastaða í dagsferðum. Jafnframt var það niðurstaða ráðsins að aðrar ferðir á þessa áfangastaði, t.d. skipulagðar hópferðir, féllu utan markaðarins þar sem ekki væri staðganga milli þeirra og áætlunarferða sem Kynnisferðir og Allrahanda bjóða upp á. Það var ennfremur niðurstaða ráðsins að einungis Kynnisferðir og Allrahanda störfuðu á hinum umrædda markaði. Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 21/2003 *Erindi Allrahanda ehf. vegna samkeppnishamlandi ákvæðis í félagssamningi Kynnisferða sf.* skilgreindi samkeppnisráð markað þann sem Kynnisferðir og Allrahanda keppa á sem almennan markað fyrir dagsferðir frá Reykjavík.

Að mati samkeppnisráðs á síðari skilgreiningin einnig við í máli þessu en einstakar ferðir og áfangastaðir geta talist undirmarkaðir dagsferðamarkaðar frá Reykjavík. Samkeppnisráð telur þó ekki nauðsynlegt í máli þessu að skilgreina hvern markað fyrir sig þar sem erindi Allrahanda beinst almennt að fléttuferðum Kynnisferða.

2.2. Aðilar og markaðshlutdeildir

Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga hefur fyrirtæki markaðsráðandi stöðu:

„[...] þegar [það] hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það getur að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.”

Allrahanda telur að Kynnisferðir séu ráðandi á hinum skilgreinda markaði. Kynnisferðir hafa mótmælt þeirri staðhæfingu en ekki gert aðrar athugasemdir vegna þessa.

Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 21/2003 var það niðurstaða samkeppnisráðs, þrátt fyrir að Allrahanda og Kynnisferðir hefðu svipað vöruúrval og bjóði upp á svipaðan fjölda ferða, að Kynnisferðir væri ráðandi á dagsferðamarkaðnum frá Reykjavík. Var m.a. vísað til þess að rekstrartekjur Kynnisferða á árinu 2002 væru mun meiri eða um [...] m.kr. á móti [...] m.kr.¹ Allrahanda. Jafnframt ætti fyrirtækið töluvert fleiri langferðabíla og hefði sérleyfi á einni fjölförnustu sérleið landsins milli Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og Reykjavíkur. Rannsókn Samkeppnisstofnunar leiddi í ljós að Kynnisferðir hefðu um 65-75% hlutdeild á markaði fyrir dagsferðir frá Reykjavík. Kynnisferðir væru og dótturfélag Flugleiða og þannig hluti af einni stærstu fyrirtækjasamstæðu hér á landi sem bjóði fjölbreytta þjónustu fyrir erlenda og innlenda ferðamenn. Í gegnum söluskrifstofur Flugleiða hefði fyrirtækið aðgang að víðtæku söluneti, bæði innanlands og utan. Á árinu 2002 voru rekstrartekjur Flugleiðasamsteypunnar um 38.945 m.kr. en hagnaður um 2.610 m.kr.

Á þeim tíma sem mál þetta hefur verið til rannsóknar hafa ofangreindar staðreyndir ekki breyst utan þess að Kynnisferðir keyptu árið 2003 sérleyfishafann Austurleið hf. og styrktu þannig almennt stöðu sína. Með vísan til framangreindra atriða telur samkeppnisráð að Kynnisferðir séu ráðandi á markaði fyrir dagsferðir frá Reykjavík.

3.

Fléttuferðir Kynnisferða

Erindi Allrahanda lýtur í fyrsta lagi að fléttuferðum Kynnisferða. Í erindi Allrahanda og öðrum gögnum sem fyrirtækið hefur sent Samkeppnisstofnun kemur ekki fram gegn hvaða ákvæðum samkeppnislaga meint brot Kynnisferða beinast eða í hverju þau felist nákvæmlega. Allrahanda bendir þó á að fyrirtækið telji Kynnisferðir vera markaðsráðandi. Mun samkeppnisráð því líta svo á að Allrahanda telji að Kynnisferðir hafi brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 með því að misnota markaðsráðandi stöðu sína með þeirri háttsemi að bjóða sk. fléttuferðir og líkja þannig eftir ferðum Allrahanda.

¹ Fellt út vegna trúnaðar.

Háttsemi Kynnisferða verður að skoða með hliðsjón af tvennu. Í fyrsta lagi verður að líta til þess að markaðsráðandi fyrirtækjum er almennt séð heimilt að bregðast við markaðsaðgerðum keppinauta svo fremi sem þær aðgerðir eru eðlilegar og ekki til þess fallnar að raska samkeppni.² Í öðru lagi verður að skoða almenna heimild Kynnisferða til þess að taka þátt í samkeppni með því bregðast við háttsemi keppinauta með hliðsjón af þeim sérstaklega ríku skyldum sem hvíla á fyrirtækinu vegna markaðsráðandi stöðu þess eins og rakið er hér að framan.

Óumdeilt er í málinu að Allrahanda var fyrst til að bjóða samtengdar ferðir. Ef bornar eru saman fléttuferðir Kynnisferða og samtengdar ferðir Allrahanda má sjá að hugmynd beggja fyrirtækja er sú sama, þ.e. að tengja saman hálf dagsferðir og búa þannig til pakka úr tveimur eða fleiri ferðum sem svo seldar eru saman með afslætti. Með þessum hætti nýta fyrirtækin bíla sína betur en ferðamenn njóta þess í hagstæðara verði. Málsaðilar virðast sammála um að einni ferð hjá Kynnisferðum svipi mjög til ferðar Allrahanda, þ.e. hestaferð – Gullfoss/Geysir. Allrahanda telur auk þessa að ferðir fyrirtækjanna Reykjavík – Gullfoss/Geysir séu svipaðar.

Í þeim gögnum sem Samkeppnisstofnun aflaði frá Kynnisferðum er ekkert sem bendir sérstaklega til þess að tilgangur fyrirtækisins með því að bjóða fléttuferðir hafi verið að þröngva Allrahanda út af dagsferðamarkaði frá Reykjavík. Hins vegar er ljóst að aðgerðir Kynnisferða hafi verið gerðar í þeim tilgangi að bregðast við samsettum ferðum Allrahanda. Jafnframt virðist sú staðreynd, að Kynnisferðir bjóði einungis eina ferð sem svipar að mestu leyti til ferða Allrahanda utan brottfarartíma, benda til þess að aðgerðir Kynnisferða hafi verið með almennum hætti. Eins og fram hefur komið er markaðsráðandi fyrirtækjum heimilt að taka þátt í virkri samkeppni og er samkeppnislögum ekki ætlað að koma í veg fyrir slíkt. Þetta felur í sér að markaðsráðandi fyrirtæki er almennt heimilt að mæta vörutilboði og verði keppinauta sinna nema að unnt sé að sýna fram á aðgerðir þess séu liður í ólögætum aðgerðum til að hrekja keppinaut af markaði. Að mati samkeppnisráðs er ekkert í gögnum málsins sem bendir til þess.

Í ljósi ofangreindra atriða telur samkeppnisráð sölu Kynnisferða á fléttuferðum ekki fela í sér brot á 11. gr. samkeppnislaga.

4.

Endurupptaka ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 18/2001

Allrahanda hefur óskað eftir því að ákvörðun samkeppnisráðs nr 18/2001 verði tekin upp aftur með vísan til „breyttra upplýsinga“ sem í ljós munu koma við boðaða

² Í ákvörðunum samkeppnisráðs nr. 15/2001 og nr. 16/2001 í s.k. *frínetsmálum* var þetta orðað á eftirfarandi hátt: „*Hafa verður þó í huga að ákvæðum samkeppnislaga sem beint er gegn misnotkun markaðsráðandi fyrirtækja á stöðu sinni er ekki ætlað að fyrirbyggja að slík fyrirtæki stundi virka samkeppni og bregðist við tilboðum keppinauta sinna.*“

rannsókn samkeppnisyrvalda á Kynnisferðum. Með boðaðri rannsókn samkeppnisyrvalda virðast Allrahanda vísa til eftirfarandi athugasemda í niðurstöðukafla ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 18/2001:

„Rétt þykir að ítreka að um þann hluta í erindi Allrahanda sem varðar hugsanleg samkeppnisleg áhrif eignarhalds í Kynnisferðum og hvort kynning og sölustarfsemi fyrirtækisins í tengslum við landkynningu sem m.a. er stunduð af opinberum aðilum fer í bága við samkeppnislög verður fjallað sérstaklega í öðru máli.“

Samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 24. gr. stjórnslulaga er heimilt að endurupptaka mál ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik. Í 2. mgr. 24. gr. sömu laga er þó sú takmörkun sett að mál megi einungis endurupptaka séu þrjú mánuðir liðin frá töku ákvörðunar ef fyrir liggi samþykki frá öðrum aðilum málsins. Mál megi þó ekki taka upp að nýju ef ár sé liðið frá þessum tímamörkum nema veigamiklar ástæður mæli með því. Kynnisferðir hafa ekki gert sérstakar athugasemdir við endurupptöku ákvörðunarinnar. Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 18/2001 varðandi dagsferðir Allrahanda og Kynnisferða á Gullfoss og Geysi. Ákvörðunin var tekin 27. júní 2001 en í málinu komst samkeppnisráð að þeirri niðurstöðu að ekki væri ástæða til íhlutunar ráðsins þar sem ferð Kynnisferða þótti ekki brjóta gegn ákvæðum samkeppnislaga. Erindi Allrahanda er dagsett 23. júlí 2002. Í erindi Allrahanda er hvorki að finna vísbendingar um það hvað muni koma í ljós við boðaða rannsókn né á hvaða hátt niðurstaða þeirrar rannsóknar gæti haft áhrif á niðurstöðu ráðsins í máli nr. 18/2001.

Af erindi fyrirtækisins má almennt ráða að krafa um endurupptöku ákvörðunar nr. 18/2001 sé einnig studd með vísan til ákvæðis í félagssamningi Kynnisferða, en samkvæmt ákvæðinu bera eigendur félagsins skyldu til þess að beina viðskiptum sínum til félagsins. Samkeppnisráð komst að þeirri niðurstöðu í ákvörðun nr. 21/2003 að félagssamningur Kynnisferða bryti ekki gegn samkeppnislögum. Var sú niðurstaða rökstudd með því að ákvæðið hafi haft takmörkuð samkeppnisleg áhrif og að á stjórnarfundum Kynnisferða þann 18. febrúar 2003 hafi ákvæðið verið fellt úr félagssamningi þess.

Með vísan til ofangreindra atriða og til þeirrar staðreyndar að meira en ár var liðið frá því ákvörðun nr. 18/2001 var tekin og þar til erindi Allrahanda barst Samkeppnisstofnun telur samkeppnisráð ekki ástæðu til endurupptöku ákvörðunar nr. 18/2001.

IV.
Ákvörðunarorð:

„Ekki er tilefni til íhlutunar samkeppnisráðs í þessu máli.“